

Samþykkt þessi staðfestist hér með, samkvæmt vatnalögunum nr. 15, 20. **21**  
 júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum **22.** febr.  
 þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. febrúar 1934.*

**Þorsteinn Briem.**

*Vígfús Einarsson.*

## REGLUGERÐ

**22**

fyrir Rafveitu Austur-Húnavatnssýslu.

22. febr.

### 1. gr.

Rafveita Austur-Húnavatnssýslu er fyrirtæki, sem er eign samnefnds félags, og rekið í þeim tilgangi, að veita raforku til íbúa Blönduóss norðan ár og sunnan, og annara íbúa Austur-Húnavatnssýslu eftir því sem fært verður, og selja hana til heimilisnotkunar, iðnaðar og annara þarfa.

### 2. gr.

Stjórn rafveitunnar er í höndum 3ja manna framkvæmdanefndar, sem kosin er af yfirstjórn félagsins (sbr. 6. gr. samþ. félagsins). Yfirstjórn félagsins skipar einnig rafveitustjóra, og setur honum erindisbréf. Hann skal vera löggiltur rafvirki við háspennuvirki. Hann á sæti á fundum rafveitustjórnar og hefir þar tillögurétt.

### 3. gr.

Rafveitustjórn hefir á hendi stjórn rafveitunnar og reikningshald hennar. Reikningsárið er almanaksárið. Hún sér um viðhald hennar og umbætur, sölu á raforku og allt er að starfrækslu veitunnar litur. Hún skal gefa yfirstjórn félagsins þær skýrslur, sem óskað er eftir um starfrækslu og ástand veitunnar. Ennfremur semur hún nánari reglur — ef með þarf — um starfrækslu rafveitunnar á grundvelli þessarar reglugerðar, er samþykktar séu af yfirstjórn. Rafveitustjórn gerir tillögur til yfirstjórnar félagsins um gjaldskrá fyrir veituna, og undirbýr og annast framkvæmdir allra rafveitumála félagsins. Rafveitustjórn ræður starfsmenn rafveitunnar, aðra en rafveitustjóra, og vikur þeim frá.

Reikningar rafveitunnar skulu lagðir fyrir sýslufund Austur-Húnavatnssýslu til athugunar.

### 4. gr.

Rafveitustjóri annast daglega starfrækslu veitunnar, eftirlit og viðhald á stöðvum, taugum og öðrum útbúnaði, og allar verklegar framkvæmdir, er

**22** snerta veituna, þar á meðal þær, sem miða að því að halda uppi stöðugum rekstri og bæta úr truflunum. Hann hefir og umsjón með raflagningum, sem tengdar eru við veituna.

#### 5. gr.

Rafveita Austur-Húnavatnssýslu selur raforku til þeirra þarfa, sem um getur í 1. gr., eftir því sem afl endist, alstaðar þar, sem lagnir hennar ná til, og við því verði, sem ákveðið er í gjaldskrá veitunnar á hverjum tíma.

#### 6. gr.

Rafveitustjóri getur lokað fyrir strauminn að nóttu til, frá 20. maí til 19. júlí, að báðum dögum meðtöldum, í því skyni að eftirlíta veituna, svo og endrænar, ef þörf krefur. Meðan verið er að leggja heim taugar, má taka spennu af þeim götutaugum sem þörf krefur. Allar stöðvanir á rekstri skulu auglýstar fyrirfram ef auðið er. Komi það fyrir að minnka þurfi notkun á raforku, um lengri eða skemmri tíma, ákveður stjórn rafveitufélagsins eftir tillögum rafveitustjórnar, hver notkun skuli fyrst takmörkuð. Stöðvun eða takmörkun á rekstri veitunnar, hefir engar skaðabótaskyldur í för með sér á hendur veitunni, en koma skal reglulegum rekstri á aftur svo fljótt, sem unnt er. Þeir, sem kaupa raforku við föstu árgjaldi, fá endurgreiddan tiltölulegan hluta af gjaldinu fyrir þann tíma, sem þeir misstu raforkunnar vegna truflunar á veitunni, þó ekki fyrir skemmri tíma en tvo sólarhringa.

#### 7. gr.

Umsókn um raforku svo og raflagningu í hús, aukningu eða breytingu á húsveitu, skal stíla til rafveitustjórnar. Eyðublöð undir slíkar umsóknir lætur rafveitustjóri í té. Skal í umsókninni skýrt frá hve mikið afl þarf, og til hverra nota það er ætlað. Sá, sem fær raforku um hemil, greiði fyrir hana hið ákveðna gjald frá þeim degi, er hann fær hana. Uppsögn á raforku um hemil, er bundin við 1. október, og er uppsagnarfrestur skemmstur tvær vikur. Þó skal sá, sem flytur alfarinn burt úr húsi, ekki skyldur að greiða gjaldið lengur en til loka þess ársfjórðungs, sem hann flytur burt á, enda sé uppsögnin komin til rafveitustjóra eigi síðar en tveim vikum fyrir þann tíma. Ef ekki er um hemla að ræða, skal uppsögnin eða breyting á notkun raforku tilkynnt rafveitustjóra með að minnsta kosti hálfmánaðar fyrirvara.

#### 8. gr.

Rafveitan leggur húsálmur frá veitutaugum (götulögnum) sínum inn fyrir húsvegg að stofnvari á sinn kostnað, sé vegalengd ekki meiri en 35 m., og eru stofnvör og húsálmur þá eign hennar. Ef lengd húsálmur fer fram úr því, er rafveitunni eigi skylt að leggja hana, nema húseigandi beri hluta kostnaðar eftir samkomulagi. Umsækjandi (sbr. 7. gr.) skal láta löggiltan rafvirkja leggja húsveituna eða rafveitustjóra, taki rafveitan slíkt að sér, en sjálfur stendur umsækjandi straum af kostnaðinum. Rafveitustjórn ákveður hvers kyns mælitæki skulu notuð fyrir húsveitu hverja, hún ákveður og stað fyrir þau og annast upp-

setningu þeirra, sölu eða leigu. Sérhver húsveita, að meðtöldum tækjum til notkunar á raforku, skulu fullnægja kröfum þeim, sem settar eru í reglum rafveitunnar. 22  
22. febr.

#### 9. gr.

Engir aðrir mega taka að sér á eigin ábyrgð rafvirkjun við þær raflagnir eða önnur raforkuvirki, sem tengd eru við eða notuð í sambandi við veitukerfi rafveitunnar, en þeir, sem rafveitustjórn löggildir til þess. Ekki má löggilda aðra til rafvirkjastarfa en þá, er hlotið hafa löggildinguna rafmagnseftirlits ríkisins og eru búsettir í sýslunni.

#### 10. gr.

Rafveitustjóri hefir eftirlit með öllum húsveitum, gögnum og tækjum, sem notuð eru við hagnýting á raforku, og er starfsmönnum veitunnar heimill aðgangur til eftirlits hvenær sem nauðsyn krefur. Gallar á húsveitum skulu tafarlaust bættir, á kostnað húseiganda. Séu gallar ekki bættir, eða meðan gallar eru á veitu, og hætta getur stafað af þeim fyrir reksturinn, getur rafveitustjóri rofið sambandið við veituna, þar til bætt er úr. Komi það fyrir, að rafmagn sé notað á annan hátt, en um var samið, eða raskað hafi verið mælitækjum, skal rafveitustjórn meta þá raforku, sem notuð hefir verið óleyfilega, og skal notandi gjalda fyrir það þrefalt verð eftir gjaldskránni allan þann tíma, sem liðinn er frá síðustu skoðun veitunnar, og þar til leiðrétt er, nema þyngri refsing liggi við. Við endurtekningu skal rjúfa samband við veituna og gera viðeigandi ráðstafanir til að koma fram ábyrgð á hendur þeim, sem brotlegur hefir gerzt.

#### 11. gr.

Sé gjald fyrir raforku ekki greitt á réttum gjalddaga, er heimilt að taka strauminn af veitunni, en þó ekki fyrr en 14 dögum eftir að skrifleg tilkynning þess efnis til gjaldanda er afhent honum, eða afhent í húsnæði því, er veita hans er í. Gjöld fyrir raforku má taka lögtaki.

#### 12. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 500 krónum, nema þyngri refsing liggi við að lögum. Hver, sem veldur skemmdum á eignum rafveitunnar skal bæta skaðann.

#### 13. gr.

Mál út af brotum á reglugerð þessari eða reglum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt henni, skal farið með sem almenn lögglumál.

Reglugerð þessi staðfestist hér með, samkvæmt vatnalögunum nr. 15, 20. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 22. febrúar 1934.*

**Þorsteinn Briem.**

*Vigfús Einarsson.*